

Mánudaginn 9. janúar 1967.

Nr. 5/1967. **Gunnlaugur Hannesson**
og **Prúður Óskarsdóttir**
gegn
Oddrúnu Ólafsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Kyrrsetning. Upplýsingarskylda gerðarþolanda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt 3. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1966, sem Hæstarétti barst 5. janúar 1967. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, þeim verði dæmt óskýlt að gefa skýrslur um innstæður sínar í bönkum og sparisjóðum og að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Við meðferð kyrrsetningarmáls varnaraðilja á hendur sóknaraðiljum spurði fógæti í fógætadómi hinn 8. desember 1966 sóknaraðiljann Prúði Óskarsdóttur „um fleiri eignir, þar á meðal peninga og innstæður í bönkum og sparisjóðum“. Lögmaður sóknaraðilja mótmælti þessari spurningu með skírskotun til 7. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, en samkvæmt þeirri lagagrein má eigi kyrrsetja „... innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt“. Í eftirtöldum ákvæðum er svo kveðið á, að fé, sem lagt hefur verið í peningastofnun þá, sem í hlut á, skuli ásamt vöxtum þess vera undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar: 21. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, 50. gr. laga nr. 115/1941 um Búnaðarbanka Íslands, 10. gr. laga nr. 113/1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, 11. gr. laga nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h/f, 11. gr. laga nr.

46/1962 um Samvinnubanka Íslands h/f og 26. gr. laga nr. 69/1941 um sparisjóði. Öll þessi ákvæði eru sett í þágu hinna tilgreindu peningastofnana og girða fyrir, að ráð peningastofnananna á sjóðum sínum séu takmörkuð. Hins vegar skjóta nefnd ákvæði alls eigi loku fyrir, að beiðandi kyrrsetningar eða löghalds geri, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, kyrrsetningu eða löghald í kröfu skuldunauts síns á hendur peningastofnun þeirri, sem í hlut á. Með skírskotun til þess, sem nú var sagt, og samkvæmt 15. gr. laga nr. 18/1949 er sóknaraðiljum skylt að svara áðurgreindri spurningu fógeta. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Gunnlaugur Hannesson og Þrúður Óskarsdóttir, greiði varnaraðilja, Oddrónu Ólafsdóttur, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 16. desember 1966.

Þær réttarkröfur eru gerðar af hálfu gerðarbeiðanda, Oddróunar Ólafsdóttur, Nökkvavogi 44, að fram fari löghald í eignum gerðarþolanna, Gunnlaugs Hannessonar og Þrúðar Óskarsdóttur, sem bæði eiga heima að Safamýri 59.

Eru löghaldskröfurnar þessar: Kr. 669.133.33 með 9% ársvöxtum af kr. 15.000.00 frá 15. ágúst 1964 til 21. september 1964, af kr. 461.480.00 frá þeim degi til 20. janúar 1965, af kr. 472.719.44 frá þeim degi til 26. janúar 1965, af kr. 477.176.46 frá þeim degi til 5. marz 1965, af kr. 559.076.46 frá þeim degi til 18. ágúst 1965, af kr. 599.076.46 frá þeim degi til 4. október 1965, af kr. 612.300.06 frá þeim degi til 20. maí 1966 og með 1% vanskilavöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði af kr. 612.300.06 frá 20. maí 1966 til greiðsludags og með 7% ársvöxtum af kr. 56.833.27 (þ. e. kr. 53.333.27 + kr. 3.500.00) frá kyrrsetningardegi til greiðsludags, öllum kostnaði við gerð þessa, eftirfarandi staðfestingarmál, fjár-

nám og uppboð, ef til kemur, allt að frádregnum kr. 474.39 með 7% ársvöxtum frá 10. marz 1966 til greiðsludags.

Gerðarbeiðandi krefst ríflegs málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Umboðsmaður gerðarþola krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda og krefst þess, að umboðsmaður gerðarbeiðanda verði víttur fyrir ummæli sín á rskj. nr. 16, sem ganga í þá átt, að tilgangur gerðarþola Þrúðar Óskarsdóttur eða umboðsmanns hennar sé sá að tefja mál þetta með öllum tiltækum ráðum.

Ágreiningur, sem varð í máli þessu, var tekinn til úrskurðar, eftir að lögmenn aðilja höfðu lagt fram greinargerðir sínar hinn 13. desember s.l.

Löghaldsgerð þessi var tekin fyrir á heimili gerðarþola hinn 5. desember s.l., en þar var enginn heima, og var þá rétturinn fluttur á skrifstofu lögmanns gerðarþola, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, Þórsstötu 1, og mætti Hilmar Ingimundarson héraðsdómslögmaður fyrir hönd gerðarþola. Fógeti ákvað löghaldsþrygginguna þar, að svo komnu kr. 140.000.00, og lét umboðsmaður gerðarbeiðanda bankatryggingu af hendi við réttinn, er nemur þeirri fjárhæð. Þegar fógeti skoraði á umboðsmann gerðarþola að benda á eignir til löghalds, neitaði hann því á þeirri forsendu, að ekki hvíldi lagaskylda á lögmanni að gefa upplýsingar um málefni, sem umbjóðendur hafa trúað honum fyrir. Umboðsmaður gerðarbeiðanda benti þá á til löghalds sparisjóðsbók eða bækur og eða peninga, sem væru eign gerðarþola, en í vörzlu mætta umboðsmanns þeirra. Einnig benti umboðsmaður gerðarbeiðanda á skuldabréf, sem væri eign gerðarþola, og er umrætt skuldabréf að fjárhæð kr. 540.000.00, útg. 20. maí 1966 af Júlíusi Kristinssyni, tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni nr. 209 við Nýbýlaveg í Kópavogi. Skuldabréf þetta er til 10 ára og með 8% ársvöxtum og gefið út til handhafa.

Gerðinni var frestað og næst tekin fyrir á skrifstofu borgarfégeta að Skólavörðustíg 12 8. desember s.l. Fógeti hafði boðað báða gerðarþolana í réttinn, sbr. rskj. nr. 15. Þrúður Óskarsdóttir mætti, en eiginmaður hennar, Gunnlaugur Hannesson, gat ekki mætt vegna fjarveru úr bænum. Í þessu réttarhaldi upplýsti Þrúður um skuldabréfið, áhvílandi fasteigninni nr. 209 við Nýbýlaveg í Kópavogi, og lýsti hún því eins og umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur gert hér að framan, nema hún kvað skuldabréfið að fjárhæð kr. 560.000.00, en ekki kr. 540.000.00, og kvað hún skuldabréfið geymt í Samvinnubankanum í Reykjavík.

Fógeti spurði því næst Þrúði um fleiri eignir, þar á meðal peninga og innstæður í bönkum og sparisjóðum. Lögmaður gerðarþola mótmælti þessari spurningu fógeta og vísaði til 7. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann. Einnig vitnaði hann í 21. gr. Landsbankalaganna frá 1961 og hliðstæð ákvæði í öðrum bankalögum. Lögmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að gerðarþolunum yrði gert að svara framangreindri spurningu fógeta, enda geti ekki úrelt ákvæði, sem fyrst og fremst eru sett til forrættinda ákveðnum lánastofnunum, létt af gerðarþola skyldu hans til að segja rétt og satt frá um eignir sínar við kyrrsetningu eða aðför.

Lögmenn aðilja ákváðu að setja ágreiningsefnið í úrskurð. Ágreiningsefnið var tekið til úrskurðar í þinghaldi 13. desember s.l.

Lögmaður gerðarbeiðanda vísar í 15. gr. kyrrsetningarlaganna máli sínu til stuðnings og krefst þess, að gerðarþolar upplýsi, í hverjum stofnunum innstæða væri, sbr. 7. gr. kyrrsetningarlaga. Lögmaður gerðarþola hefur mótmælt, að gerðarþolum sé skylt að svara spurningum fógeta, eins og áður greinir, og vísar í 7. gr. kyrrsetningarlaga nr. 18/1949 svo og í 21. gr. laga um Landsbanka Íslands m. a. Lögmaður gerðarþola vill skýra 15. gr. kyrrsetningarlaganna á þá lund, að gerðarþolum sé eigi skylt að svara spurningum um innstæður sínar í bönkum.

Rétturinn lítur þannig á, að skýra beri 15. gr. laganna um kyrrsetningu og lögbann nr. 18 frá 22. marz 1949 þannig, að gerðarþolum sé skylt að veita allar þær upplýsingar um eignir sínar, sem fógeti spyr um, og hvar þær séu niður komnar.

Því ber gerðarþolum í máli þessu að upplýsa fógeta um allar þær eignir, sem þegar hafa ekki verið gefnar upp, þar á meðal peninga og innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Rétturinn tekur ekki afstöðu til málskostnaðarkröfu umboðsmanna gerðarbeiðanda og gerðarþola í máli þessu, því að um hana verður fjallað í væntanlegu staðfestingarmáli. Krafa umboðsmanns gerðarþola um, að umboðsmaður gerðarbeiðanda verði vittur fyrir aðdróttanir, er ekki tekin til greina.

Haukur Davíðsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerðarþolar í máli þessu skulu svara spurningu þeirri varðandi eignir þeirra, er fógeti bar upp í réttarhaldi hinn 8. desember 1966.

Málskostnaður fellur niður.

Krafa umboðsmanns gerðarþola um vítur verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 13. janúar 1967.

Nr. 200/1966. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari)
gegn

Sigurjóni Guðbirni Sigurjónssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Andrés Valdimarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Ákærða er gefið að sök að hafa undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreiðinni R 10308, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Gangsetning bifreiðar verður að teljast þáttur í akstri hennar, sbr. 1. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Guðbjörn Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verj-